

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2101 frá 24. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinnna fyrirtækja og útibúa ⁽¹⁾.
- 2) Þegar EFTA-ríkin skilgreina hvaða lönd skulu vera á listanum yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi og samvinnuþýð lögsagnarumdæmi með óuppfylltar skuldbindingar í landslögum sínum, skulu þau taka fullt tillit til lista ESB yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Lið 10i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32021 L 2101:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2101 frá 24. nóvember 2021 (Stjtíð. ESB L 429, 1.12.2021, bls. 1).“

2. Aðlögunartextar b) og c) eru endurtölusettir sem c) og d)

3. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við á eftir aðlögunartexta a):

„b) Í 48. gr. c, að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) í 2. mgr. skulu orðin „ósamvinnuþýðum lögsagnarumdæmum og samvinnuþýðum lögsagnarumdæmum með óuppfylltar skuldbindingar eins og skilgreint er í landslögum hlutaðeigandi EFTA-ríkis“ koma í stað „skattumdæmi sem er að finna í I. og II. viðauka við

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 429, 1.12.2021, bls. 1.

ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál“,

- ii) 3. mgr. gildir ekki,
- iii) í 5. mgr. skulu orðin „er skilgreint í landslögum hlutaðeigandi EFTA-ríkis sem ósamvinnuþýtt lögsagnarumdæmi“ koma í stað „er að finna í I. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál“,
- iv) í 5. mgr. skulu orðin „skilgreint er í landslögum hlutaðeigandi EFTA-ríkis sem samvinnuþýtt lögsagnarumdæmi með óuppfylltar skuldbindingar“ koma í stað „minnst var á í II. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál“.

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2021/2101, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.